




Reykjavík, 16. janúar 2025
USK24100259

Bankastræti 6 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Edward Louis Haines, dags. 23. október 2024, um að mála auglýsingu á hlið hússins á lóð nr. 6 við Bankastræti eða setja upp auglýsingarskilti á hlið hússins.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
Deiliskipulag



Götumynd tekin af já.is



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bankastræti 6 borgarhluta 2 miðborg og er hluti af miðsvæði m1a, miðborgarkjarni.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 17. september 2002, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 6 við Bankastræti er fjögurra hæða hús byggt árið 1903 og er því friðað skv. *Lögum um menningarminjar 80/2012* og má því ekki spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi og í samráði við Minjastofnun Íslands.

Á jarðhæð er verslunar- og þjónustuhúsnæði en á efri hæðum íbúðir og ein skrifstofa skv. fasteignaskrá.

At our last housing association meeting for Bankastræti 6, it was voted in favor of inquiring with the city the steps necessary to allow advertising on the side of the property, either painted onto the building or as a projected image / billboard. Historically the building has had advertisements on it in the past, and the board would like to see how practical it is to resume adverts to help with funding the house maintenance.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir auglýsingum á vesturgaffli hússins. Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind *Hverfisvernd innan Hringbrautar*. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ýtrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna. Í því felst m.a. breytingar á ytra útliti bygginga og lóða.

Skv. samþykkt um skilti í Reykjavík eru þjónustuskilti, veggspjöld, skilti sem auglýsa sölu eigna, viðgerðir eða breytingar á húsnæði, skilti sem upplýsa um uppbyggingu og ratskilti heimiluð í miðborg Reykjavíkur (svæði m1a, m1b og m1c). Önnur skilti eru óheimil.



Reykjavík



Ekki er mælt með uppsetningu nýs auglýsingaskiltis á vesturgafli hússins á Bankastræti 6 þar sem að þar samræmist ekki ákvæðum hverfisverndar og samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem það samræmist ekki ákvæðum aðalskipulags um hverfisvernd og samþykkt um skilti í Reykjavík.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.